

Nd.

250. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta var flutt með frv. til vegalaga fyrr á þinginu og er nátengt því. Snertir það eingöngu girðingar við vegi.

Í 12. gr. girðingalaga eru ákvæði um tiltekna fjarlægð girðingar frá vegi. Nú hefur Alþingi ákveðið í hinum nýju vegalögum, að setja skuli reglugerð um þetta atriði eins og ýmis önnur varðandi gerð vega.

Efni 13., 14., 15. og 16. gr. girðingalaganna er lítt breytt í 76., 77., 78. og 79. gr. vegalaga.

Ástæða er til að benda á, að 9. gr. girðingalaga gildir óbreytt, en þar er ákvæði um greiðslu girðingakostnaðar, ef vegur er lagður um tún eða rektunarland.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtalinni

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 5. febr. 1964.

Sigurður Bjarnason,
form.

Benedikt Gröndal,
fundaskr., frsm.

Björn Pálsson.

Jónas Pétursson.

Sigurvin Einarsson.